



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands

49. árg. apríl 2023 nr. 130





HVATNING SOROPTIMISTA

Sýnum dreglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.

Ritnefnd:



Guðný S.
Þorsteinsdóttir



Kristín Árnadóttir



Magdalena Berglind
Björnsdóttir



Sigríður B. Aadnegard



Sigrún Þórisdóttir

Fregnir er málgagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Vetrarblóm, Sigríður B. Aadnegard

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívársdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur!

Þá er komið að næst yngsta Soroptimistaklúbbnum, „Við Húnaflóa“ að taka við keflinu af ritnefnd klúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Fáar okkar höfðu reynslu af slíku starfi og fannst okkur viðfangsefnið ærið. Forverar okkar fylgdu okkur þó svo vel og dyggilega úr hlaði með hvatningu, skýrum leiðbeiningum og góðum óskum um að þetta gætum við alveg gert að hér er fyrsta eintak okkar af Fregnum komið í ljós.

Ýmissa grasa kennir í eintaki nr. 130 og þökkum við öllum þeim sem brugðust vel við og sendu efni í blaðið. Það er aðdúunarvert hve áhugasamar, dugmiklar og snjallar þið systur eruð og hve miklu þið hafið fengið áorkað í þeim markmiðum Soroptimista sem við höldum allar í heiðri.

Meðal efnis þessarar frumraunar okkar er grein Sigrúnar Þorgeirsdóttur forseta Soroptimistasambands Íslands. Þar fjallar hún m.a. um stuðning Soroptimistasystra á Íslandi til kvenna og barna í neyð ekki bara á hér á landi heldur víða um heim. Sigrún segir einnig frá því að hún hafi valið slagorðið: „Göngum saman til góðra verka“ fyrir sína forsetatíð. Þá er fróðleg grein eftir báða varaforseta okkar um Alþjóðlegan baráttudag kvenna, 8. mars, en upphafið er rakið til ársins 1910. Bráðskemmtileg og hrífandi lýsing er af þróun fjáröflunar hjá Akranesklúbbsi, frá pönnukökubakstri til sölu sumarblóma og kryddjurta. Kynnt er verðugt verkefni Grafarvogsklúbbsins sem tók þátt í verkefni á vegum Krabbameinsfélags Íslands sem nefnist Styrkleikarnir á Selfossi. Styrkleikarnir eru haldnir að erlendri fyrirmynd, en hér í fyrsta skipti sumarið 2022. Þar vöktu systur mikla athygli og forvitnir þátttakendur fengu að vita um merkingu hugtaksins Soroptimistar og er það vel. Tveggja ára kraftaverk nefnist afmælisgrein Suðurlandssystra, sem eiga heiðurinn af stofnun Sigurhæða, þjónustu fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi og er starfið þar til mikillar fyrirmyndar og blessunar.

Það sem einkennir greinar blaðsins eru umhyggja fyrir veiku fólki og aðstandendum þess, fróðleiksfýsn í sagnalist og brennandi áhugi á að láta gott af sér leiða og létta líf og bæta heilsu annarra. Frásögn af gönguferð systra Við Húnaflóa að Konungsvörðu á Holtavörðuheiði er áhugaverð þar sem vörðunni fylgir merk saga. Flestum frásögnunum í blaðinu fylgja upplýsandi myndir. Ekki má gleyma að minnst á grein um framboð systra til embætta og nefnda SIÍ, ásamt kynningu á Landssambandsfundinum á Selfossi dagana 21.-23. apríl 2023 og þeirri áhugaverðu dagskrá sem bíður okkar.


Þær systur sem kvatt hafa þessa jarðvist gleymast ekki og er þeirra minnst hér af hlýju og virðingu ásamt þökkum fyrir mikilvæg og dýrmæt störf þeirra í þágu Sorptimista, bestu systra.

Eins og þið sjáið á þessari upptalningu, eru það margþætt atriði sem höfða til okkar Soroptimistasystra og við viljum bregðast við af kærleika og örlæti en ekki síður gleði. Einlægt vinarþel og uppbyggjandi samvistir einkenna starf klúbbanna.

Loks sjáum við fram á komandi vor eftir kaldan vetur. Já, vorið bíður okkar með birtu, fuglasöng og feegurð alls sem er.

Öll við skulum þakka því þeim sem gefur vorið. Og sýna verki sjálfu í, að sólar fetum sporið. (LSK) Við óskum okkur öllum gleðilegs sumars.

Með hlýjum kveðjum frá ritnefnd Fregna



Kæru systur.

Nú er liðið rúmt ár frá upphafi stríðsátakanna í Úkraínu og ekkert útlit fyrir að lát verði á þeim á næstunni. Íslenskar systur brugðust skjótt við fyrir ári og gáfu veglegan styrk til stuðnings konum og börnum á flóttu frá Úkraínu. Soroptimistaklúbbar í Vestur- og Austur-Evrópu stóðu vaktina ásamt öðrum samtökum og veittu mikla og dýrmæta aðstoð. Þeir njóta enn þá styrkja úr hamfarasjóði Evrópusambands Soroptimista. Hjálparstarf Soroptimista vegna stríðsins í Úkraínu hefur vakið mikla athygli í Evrópu og almenna viðurkenningu.

Nú hafa Soroptimistasystur aftur svarað kalli og safna til styrktar Soroptimistasambandi Tyrklands sem aðstoðar konur og börn á vergangi eftir jarðskjálftana í Tyrklandi. Forseti tyrkneska landssambandsins býr nálægt jarðskjálftasvæðunum og er því í góðri aðstöðu til að skipuleggja starfið. Soroptimistar á Íslandi ætla að styrkja starfið á vegum Soroptimista í Tyrklandi og er söfnunin enn í gangi og gengur vel. Hörmungarnar náðu einnig til Sírlands og sem betur fer hafa alþjóðleg hjálparsamtök fengið að fara þar inn með mat, vatn og lyf og veita aðstoð. Ekkert Soroptimistasamband er í Sírlandi en við getum styrkt hjálparstarfið þar með stuðningi við önnur hjálparsamtök.

Soroptimistasystur á Íslandi styðja ekki aðeins við konur og börn í Úkraínu, Tyrklandi, Afríku og víðar heldur veita á hverju ári veglega styrki innanlands til starfsemi af ýmsu tagi sem miðar að því að aðstoða konur í erfiðum aðstæðum sem þurfa á hjálp að halda. Systur á Selfossi stofnuðu úrræði fyrir konur sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og í mars héldu Sigurhæðir upp á tveggja ára afmælið í gamla Mjólkurbúinu á Selfossi. Það má vel halda því fram að Sigurhæðir séu verkefni alla Soroptimistasystur á Íslandi því að Soroptimistasamband Íslands hefur veitt veglega styrki til starfsins frá upphafi. Það eru þó fyrst og fremst systur á Selfossi sem hafa staðið vaktina í sjálfbóðaliðastarfi vegna Sigurhæða. Starfið þar hefur vakið athygli í Evrópu og víðar og

ekki að ástæðulausu. Og þetta er aðeins eitt dæmi um hin góðu verk Soroptimistasystur á Íslandi.

Í mars er árlegt átak hjá Soroptimistum vegna alþjóðlegs baráttudags kvenna. Við fengum að ganga í ósamstæðum skóm hinn 8. mars til að vekja athygli á baráttunni fyrir jafnrétti. Göngum í átt til jafnréttis í ósamstæðum skóm var eitt af slagorðum okkar í ár og það var hægt að velta fyrir sér ýmsum hlutum í tengslum við þau orð. Konur á Vesturlöndum eiga margar mikið af skóm og geta hæglega gengið í ósamstæðum skóm en við getum leitt hugann að aðstæðum allra þeirra kvenna sem búa við fátækt og erfiðar aðstæður og eru ekki í sömu stöðu. Og svo þurfum við einnig að hugsa til allra þeirra kvenna og barna sem búa við sárafatækt og eiga jafnvel enga skó.

Mig langar til að halda góðum verkum Soroptimistasystur á lofti og sem forseti Soroptimistasambands Íslands 2023 til 2024 hef ég valið slagorðið Göngum saman til góðra verka. Um leið og við vinnum saman að okkar góðu verkefnum njótum við einnig vináttu og samveru í klúbbunum okkar. Í nokkrum klúbbum fara systur saman í göngu í hverri viku og njóta útiverunnar saman. Þannig vísa framangreind orð ekki eingöngu til allra hinna frábæru stuðningsverkefna Soroptimistasystur heldur einnig til þeirrar einlægu vináttu sem einkennir klúbbastarfið okkar.

Við eigum eftir að hitta systur alls staðar að af landinu á okkar sameiginlegu fundum á þessu ári, landsfundi og haustfundi, og njóta samverunnar. Og á næsta ári fögnum við 50 ára afmæli Landssambandsins og ætlum að halda veglega afmælishátíð í Reykjavík haustið 2024.

Sigrún Þorgeirsdóttir
forseti Soroptimistasambands Íslands

8. MARS ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA

Uppruni 8. mars

Hugmyndina að sérstökum baráttudegi kvenna átti Clara Zetkin, þýsk kvenréttindakona og sósíalisti, sem bar hana upp á fundi Alþjóðasamtaka sósíalískra kvenna sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 1910, en fundinn sátu 130 konur frá 16 löndum. Var slíkur dagur fyrst haldinn hátíðlegur meðal sósíalískra kvenna í nokkrum ríkjum Evrópu og í Rússlandi ári síðar og bar upp á 19. mars. Kvenréttindakonur í fleiri ríkjum bættust smám saman í hópinn og það var svo árið 1917 að konur í Pétursborg fóru í verkfall 8. mars til að krefjast betri kjara og friðar. Allir pólitískir leiðtogar lögðust gegn verkfallinu en konurnar héldu ótrauðar áfram. Fyrstu árin voru baráttumál kvennadagsins kosningaréttur kvenna og samstaða verkakvenna. Árið 1921 ákvað Alþjóðasamband kommúnista að samþykkja tillögu Clöru Zetkin um að 8. mars yrði þaðan í frá baráttudagur kvenna. Vísað var til rússnesku byltingarinnar og þeirrar skriðu sem verkfall verkakvenna hrundi af stað árið 1917.

Í byrjun var misjafnt eftir löndum og stjórnarháttum hvort og hvernig baráttudags kvenna væri minnst en það var þó ætíð í mars. Alþjóðasamband lýðræðissinnaðra kvenna var síðan stofnað í París árið 1945 og þau samtök ákváðu að gera 8. mars að baráttudegi kvenna fyrir friði. Þar átti Kvenréttindafélag Íslands einn fulltrúa, Laufeyju Valdimarsdóttur. Það var síðan ekki fyrr en með tilkomu nýju kvannahreyfingarinnar um 1970 sem 8. mars gekk í endurnýjun lífdaga og Sameinuðu þjóðirnar lýstu síðan árið 1975 alþjóðlegt kvennaár og 1977 tóku Sp ákvörðun um að gera daginn að



Clara Zetkin upphafskona Alþjóðlegs baráttudags kvenna ásamt Rósu Luxemburg, 1910.

alþjóðlegum kvennadegi. Að þessu sinni verður ekki tíunduð sérstaklega sagan hér á landi en um hana má meðal annars lesa hér <https://kvennasogusafn.is/index.php?page=8-mars>

Soroptimistar um allan heim tóku virkan þátt í alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars síðastliðinn. Hvatning kom frá Evrópusambandi Soroptimista um að ganga þann dag í ósamstæðum skóm og beina þannig sjónum að kynjamismun, sem rótgróin er í öllum samfélögum heims. Slagorð dagsins var „Walk in different shoes for gender equality“ sem þýtt hefur verið „Hvar kreppir skórin?“ Þetta er í takti við grunnstoðir okkar þar sem menntun kvenna, valdefling, barátta gegn kynbundnu ofbeldi, heilsa, fæðuöryggi og sjálfbærni eru í brennidepli. Klúbbar og systur voru jafnframt hvattar til að vekja athygli á málstaðnum með því að birta myndir, skrifa greinar og annað í þeim dúr.



Fimmta heimsmarkmið Sp um jafnrétti kynjanna.

Konur, sem eru helmingur mannkyns, þurfa að þola ójöfnuð, ofbeldi, lægri laun og standa ekki jafnfætis körlum þegar kemur að atvinnutækifærum, möguleika á menntun og aðgengi að heilbrigðisþjónustu svo fátt eitt sé nefnt. Í fimmta heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna, Jafnrétti kynjanna, kveður á um að þessu

þurfi að breyta sem fyrst en þar er fjallað um áskoranir sem tengjast markmiðinu hér á landi og fullyrt að kynjaójöfnuður haldi ekki einungis aftur af konum heldur mannkyninu í heild. Framfarir í jafnréttismálum eru allt of hægar í heiminum og jafnvel hefur verið sagt það muni taka að minnsta kosti 100 ár að ná fullu jafnrétti.

Í ár vöktum við, Soroptimistar á Íslandi, athygli á stöðunni hér á landi, sem er þó í fararbroddi í jafnréttismálum. Hér er það helst þrennt sem skórin krepur þegar kemur að kynjamismunun:

Launamisrétti fyrir sömu störf er enn staðreynd þrátt fyrir að í lögum sé kveðið á um að sömu laun skuli greiða fyrir sömu störf.

Í júní 2017 var jafnlaunavottun lögfest á Íslandi. Hún byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og byggist á svokölluðum ÍST 85 jafnréttastaðli. Staðlinum er ætlað að hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að koma sér upp stjórnunarkerfi sem koma skal í veg fyrir kynbundna mismunun og tryggja þar með jafna stöðu og rétt kynjanna. Þrátt fyrir þessi lög þekkist launamisrétti enn hér á landi.

Konur eru í minnihluta í atvinnulífinu þegar kemur að stjórnunarstöðum, hvort sem um er að ræða



Austurlandssystur í ósamstæðum skóm. ©Yvette Laut.

Soroptimistasamband Íslands



Slagorð SIE 8. mars 2023. Walk in Different Shoes / Jafnrétti kynjanna- hvar krepur skórin?

stjórnarsetu, eignarhlut eða framkvæmdastjórn og kynbundið námsval er enn staðreynd.

Jafnréttisvogin er samstarfsverkefni milli forsætisráðuneytisins og Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA). Hófst verkefnið árið 2019 en markmið þess er m.a. í samræmi við lög að stuðla að jafnari hlut kvenna og karla í stjórnun og framkvæmdastjórnun fyrirtækja. Þrátt fyrir lög um kynjakvóta í stjórnun og jafnan rétt karla og kvenna eigum við enn langt í land. Hlutfall kvenna í stjórnun fyrirtækja er nú um 27% en hækkaði aðeins um 2% á síðustu 10 árum. Hlutfall kvenkyns forstjóra/framkvæmdastjóra / stjórnarformanna hækkaði á sama tíma um 3%, en er samt ekki nema um 24%. Gleðilegt er þó að árið 2022 veitti Jafnvægisvogin 76 fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum viðurkenningu fyrir að hafa unnið á framúrskarandi hátt að markmiðum hennar.

Kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi hefur enn ekki tekist að útrýma en það er talið vera bæði orsök og afleiðing kynjamisréttis.

Opinber umræða um hvers konar kynbundið ofbeldi, sem áður var jafnvel umborið í skjóli einkalífsins, hefur aukist á síðustu árum og viðurkennt að það sé ein af verstu birtingarmyndum kynjamisréttis. Ofbeldið brýtur gegn grundvallarfrelsi og mannréttindum og ber að leita allra leiða til að tryggja stjórnarskrárvárin réttindi allra til mannhelgi og jafnréttis. Árið 2021 leituðu yfir 400 einstaklingar til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis. Er þetta í lagi?

Kristjana Jónsdóttir 1. varaforseti
Sigríður Kr. Gísladóttir 2. varaforseti




FJÁRAFLANIR

SOROPTIMISTAKLÚBBS AKRANESS

Fjáröflun Soroptimistaklúbbs Akraness og Hvalfjarðarsveitar síðastliðin ár hefur meðal annars verið pönnukökusala fyrir bóndadaginn. Þá hafa systur tekið pantanir frá fyrirtækjum á svæðinu og bakað pönnukökur af miklum móð, allt upp í 4,500 stk.

Ýmiss konar undirbúningur á sér stað löngu áður, það þarf að útbúa innkaupalista yfir vörur og pakkningar og systur deila með sér verkefnum. Það þarf að hringja í fyrirtæki og taka niður pantanir, skrifa niður tímann sem starfsmenn fara í morgunkaffi og koma pönnukökunum til þeirra fyrir þann tíma.

Við höfum fengið afnot af eldhúsi í grunnskóla á Akranesi þar sem systur mæta með sínar pönnukökupönnur daginn fyrir bóndadaginn. Þar er búið að skipta niður í hópa: Nokkrar útbúa deigið, aðrar baka, sumar umstafla og telja saman í bunka. Að morgni bóndadags mæta þær systur sem geta mætt kl. sex til að setja á pönnukökurnar og pöntunum er síðan ekið út á vinnustaðina.



Þessi fjáröflunarleið datt niður í Covid og engar pönnukökur voru bakaðar í tvö ár á vegum klúbbsins. Þá þurfti að finna aðra fjáröflunarleið og 2021 var ákveðið að hafa samband við garðyrkjumann í heimabyggð sem var tilbúinn að rækta fyrir okkur sumarblóm, salat, kryddjurtir og jarðarber. Sumar systur ræktuðu sjálfar ýmsar kryddjurtir og sáðu fyrir sumarblómum sem bættust við í sölu.

Við höfðum samband við vini og ættingja og buðum sumarblóm og kryddjurtir til sölu og tókum niður pantanir sem átti svo að afhenda í byrjun sumars. Til að gera langa sögu stutta þá fóru pantanirnar fram úr okkar björtustu vonum og ræktandinn gat ekki uppfyllt allar þessar óskir. Nú voru góð ráð dýr; hvernig áttum við að bjarga þessu? Við sáum fyrir okkur hellings vinnu við að skipta því sem til var systurlega á milli okkar og okkar viðskiptavina. Starfandi fjáröflunarnefnd bretti því upp ermar og hringdi í ræktunarstöðvar á Vesturlandi og Suðurlandi. Hlutirnir sluppu fyrir horn og ekið var í hendingskasti upp í Borgarfjörð til að sækja jarðarber á Kleppjárnsreyki og Hveragerðis í Garðplöntusöluna Borg, til að sækja annað. Bíll og kerra voru fyllt af plöntum og hvert rými notað. Bakgarðurinn hjá einni systur fylltist þannig af plöntum og við tók að flokka pantanirnar. Næstu daga komu systur að ná í sínar pantanir og keyra út til sinna viðskiptavina. Þetta fyrsta blómaævintýri gaf okkur dável í sjóðinn og við ákváðum að halda þessu áfram.

Árið 2022 var því leikurinn endurtekinn með sumarblómin þar sem ekki var hægt að baka pönnukökur í skólanum vegna Covid takmarkana. Hjúp þá kapp í systur og plöntupantanirnar fóru aftur fram úr öllum áætlunum. Ekki var nóg til hjá ræktandanum á Akranesi og aftur var farið af stað með stóran bíl og kerru til að bjarga málunum. Aftur fylltist bakgarðurinn af plöntum og eftir flokkun komu blómasystur til að ná í sínar pantanir til að keyra út. Þetta blómaævintýri gaf okkur aftur vel í sjóðinn og færðum við flóttafólki frá Úkraínu sem kom til Akraness, allan ágóðann.

Ný hugmynd kom upp á þessu ári en það var sala á litlum páskaliljulaukum og stendur það verkefni yfir núna.

Með kveðju frá fjáröflunarnefnd Akranessklúbbsins 2023.





Fjóla Einarsdóttir bæjarstjóri í Árborg og Hildur Jónsdóttir verkefnisstjóri Sigurhæða undirrita samstarfssamning til þriggja ára. Með þeim á myndinni eru Heiða, Ösp Kristjánsdóttir sviðstjóri velferðarsviðs Árborgar og Vigdís H. Guðmundsdóttir Suðurlandssystir.

TVEGGJA ÁRA KRAFTAVERK

Í lok mars voru tvö ár liðin frá því að Sigurhæðir, þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, hófu göngu sína. Fyrirsögnin hér að ofan hefði allt eins getað verið: Tveggja ára sigurganga! Veturinn 2020-2021 þegar unnið var að undirbúningi stofnunarinnar grunaði fáar systur í Soroptimistaklúbbi Suðurlands að Sigurhæðir ættu eftir að dafna og vaxa jafn ríkulega og raun hefur borið vitni.

Tveggja ára afmælisins var minnst með hófi 19. mars sl. sem haldið var í nýja (gamla) Mjólkurbúinu í nýjum miðbæ Selfoss. Þangað mættu fulltrúar samstarfsaðilanna í verkefnistjórn Sigurhæða, nokkrir þingmenn úr Suðurlandskjördæmi sem og bæjarstjórar í sunnlenskum sveitarfélögum og fögnuðu með systur og mökum þeirra.

Við þetta tækifæri var undirritaður þriggja ára samstarfssamningur milli Sigurhæða og sveitarfélagsins Árborgar, sem er sá fyrsti þessarar tegundar sem Sigurhæðir gera. Samningurinn kveður á um að styrkupphefð Árborgar til Sigurhæða verður framreiknuð árlega í þrjú ár með verðlagsvísitölu. Það er markmið okkar í Sigurhæðum að gera fleiri samninga sem þennan við sveitarfélög á Suðurlandi og er það áfangi á þeirri leið að tryggja fjárhagslegan grundvöll Sigurhæða til framtíðar. Það er talsvert brött ganga að afla fjármagns, en þess má geta að fjárhagsáætlun þessa árs er 47 millj.kr.

Nú hafa um 200 konur verið eða eru í þjónustu í Sigurhæðum og komur eru á fjórtánda hundrað. Þessi aðsókn hefur m.a. gert það kleift að aðgreina meðferðarhópana, þannig að núna eru starfandi hópar fyrir 22ja ára og yngri, 60 ára og eldri og hópur fyrir innflytjendur sem fram fer á ensku, auk hefðbundinna hópa. Þjónustuframboðið hjá Sigurhæðum er það mesta á landinu öllu sé borið saman við aðrar þjónustumiðstöðvar, en hópastarfið fer fram í þremur 10 vikna meðferðarlotum þar sem skjólstæðingar mæta einu sinni í viku. Þá eru ótalin einstaklingsbundin stuðningsviðtöl, EMDR áfallameðferðin og viðtöl lögreglu og lögfræðings.

Þjónustupáttur sem nýlega hefur bæst við og nýtur mikilla vinsælda er kyrrðarjoga sem býðst okkar skjólstæðingum. Það er mjög árangursríkt til að vinna með langvarandi streitu og önnur líkamleg álagseinkenni sem iðulega hrjá þær konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi í hvaða mynd sem er.

Já. Sigurhæðir vaxa og dafna, meðal annars vegna ríkulegs stuðnings frá Soroptimistum á Íslandi, sem Suðurlandssystur eru innilega þakklátar fyrir.


Hildur Jónsdóttir
Verkefnisstjóri SIGURHÆÐA



Framboð til embætta og nefnda fyrir Soroptimistasambands Íslands

STARFSÁRIN 1.1.2024 - 31.12.2025

Landssambandsfundur 22. apríl 2023



**Soroptimistaklúbbur
Suðurlands býður fram til
embættis forseta SÍ**

HILDUR JÓNSDÓTTIR
Jafnréttisráðgjafi

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti frá júní 2015
- Talskona heimsmarkmiða
- Sameinuðu Þjóðanna

Embætti innan klúbbs

- Meðstjórnandi
- Verkefnastjóri



**Soroptimistaklúbbur Hóla og
Fella býður fram til embættis
varaforseta SÍ**

ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR
Fjármálastjóri

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 2009
- Gjaldkeri
- 1. varaforseti

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Verkefnastjóri
- Ritari
- Fjáröflunarnefnd
- Skemmtinefnd
- Starfsgreinanevnd
- Fulltrúi



**Soroptimistaklúbbur
Reykjavíkur býður fram til
embættis sendifulltrúa SÍ**

SIGRÚN VALGARÐSDÓTTIR
Mannauðsstjóri

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 2002

Embætti innan klúbbs

- Verkefnastjóri
- Ritari
- Formaður
- Fulltrúi
- Tengiliður við mentorverkefnið



**Soroptimistaklúbbur Akureyrar
býður fram til embættis
varasendifulltrúa SÍ**

KATRÍN KÁRADÓTTIR
Viðskiptafræðingur

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 2013

Embætti innan klúbbs

- Gjaldkeri
- Ritari




**Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness
býður fram til embættis
upplýsingafulltrúa SÍ**

INGIBJÖRG H. HALLDÓRSDÓTTIR
Líffræðingur

Ferilskrá innan SÍ
• Soroptimisti síðan 1997
• Upplýsingafulltrúi

Embætti innan klúbbs
• Nettengill
• Ritari
• Fulltrúi
• Meðstjórnandi
• Skemmtinefnd



**Soroptimistaklúbbur Austurlands
býður fram til embættis
umsjónarmanns nafnalista SÍ**

ARNA S. D. CHRISTIANSEN
Þjónustufulltrúi

Ferilskrá innan SÍ
• Soroptimisti síðan 2003
• Umsjón með nafnalista

Embætti innan klúbbs
• Gjaldkeri
• Meðstjórnandi
• Fulltrúi



**Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur
býður fram í útbreiðslunefnd SÍ**

Ásgerður Kjartansdóttir
Bókasafns-og upplýsingafræðingur

Ferilskrá innan SÍ
• Soroptimisti síðan 1998
• Forseti
• Sendifulltrúi
• Varasendifulltrúi
• Verkefnastjóri

Embætti innan klúbbs
• Formaður
• Fulltrúi
• Ritari
• Meðstjórnandi
• Verkefnastjóri



**Soroptimistaklúbbur
Hafnarfjarðar og Garðabæjar
býður fram í laganefnd SÍ**

ÞÓRDÍS BJARNADÓTTIR
Hæstarrettarlögmaður

Ferilskrá innan SÍ
• Soroptimisti síðan 2015
• Starfshópur vegna endurskoðunar
laga og reglugerða

Embætti innan klúbbs
• Gjaldkeri



**Soroptimistaklúbbur Við Húnaflóa
býður fram í skólastyrkjanefnd SÍ**

MAGDALENA B. BJÖRNSDÓTTIR
Grunnskólakennari

Ferilskrá innan SÍ
• Soroptimisti síðan 2011

Embætti innan klúbbs
• Formaður
• Varaformaður
• Verkefnastjóri
• Fulltrúi



**Soroptimistaklúbbur Árbæjar býður
fram í fjárhagsnefnd SÍ**

JÓNA TH. VIÐARSDÓTTIR
Skrifstofustjóri

Ferilskrá innan SÍ
• Soroptimisti síðan 1994
• Gjaldkeri
• Sjóðanefnd

Embætti innan klúbbs
• Formaður
• Meðstjórnandi
• Ritari
• Gjaldkeri
• Fulltrúi



Soroptimistaklúbbur Keflavíkur býður fram í fjárhagsnefnd SÍ

AÐALHEIÐUR HILMARSDÓTTIR
Mannauðsstjóri

Fjárhagsnefnd

- Ferilskrá innan SÍ
- Soroptimisti síðan 2018

Embætti innan klúbbs

- Fjáröflunarnefnd



Soroptimistaklúbbur Við Húnaflóa býður fram í sjóðanefnd SÍ

GUÐRÚN LÁRA MAGNÚSDÓTTIR
Leikskólakennari

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 2011
- Forseti

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Fulltrúi



Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness býður fram til starfa sem skoðunarmaður reikninga SÍ

MARGRÉT GUÐJÓNSDÓTTIR
Löggiltur endurskoðandi

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 2004
- Formaður skólastyrkjanefndar
- Fjárhagsnefnd

Embætti innan klúbbs

- Varaformaður
- Ritari
- Skoðunarmaður



Soroptimistaklúbbur Akraness býður fram til starfa sem vara skoðunarmaður reikninga SÍ

JÓNÍNA RÓSA HALLDÓRSDÓTTIR
Bókari

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 2013
- Skoðunarmaður reikninga

Embætti innan klúbbs

- Gjaldkeri



Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness býður fram í Gerðardóm SÍ


STEINUNN EINARSDÓTTIR
Enskukennari

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 1977
- Forseti
- Sendifulltrúi

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Fulltrúi
- Ritari



Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar býður fram til umsjónar húsnæðis SÍ í Hamraborg

MARÍA LÓA FRÍÐJÓNSDÓTTIR
Viðskiptafræðingur

Ferilskrá innan SÍ

- Soroptimisti síðan 1989
- Verkefnastjóri
- Ritari
- Umsjón með vefsíðu

Embætti innan klúbbs

- Öll stjórnarembætti



GANGA AÐ KONUNGSVÖRÐU

Sú venja hefur skapast hjá okkur systur í Soroptimistaklúbbnum Við Húnaflóa, að júnífundurinn okkar sé göngufundur. Við göngum til skiptis í Húnaþingi vestra og í Austur-Húnavatnssýslu. Ég segi Húnaþingi vestra, en ekki Vestur-Húnavatnssýslu vegna þess að félagssvæði okkar nær yfir í Strandasýslu, þar sem Bæjarhreppur í Strandasýslu tilheyrir nú Húnaþingi vestra.

Á þessum júnífundum höfum við gengið víða og heimsótt marga áhugaverða staði á svæðinu okkar.

Í júní á síðasta ári var gengið í Húnaþingi vestra og var ákveðið að ganga að Konungsvörðu á Holtavörðuheiði. Konungsvarðan var hlaðin við gömlu leiðina yfir Holtavörðuheiði til að minnst ferðar Kristjáns konungs X, Alexandrínu drottningar og föruneytis þeirra norður í land árið 1936.

Við systur mæltum okkur mót við Staðarskála, þar sem sameinast var í bíla og síðan var keyrt upp á Holtavörðuheiði, að útskoti við Þjóðveginn þar sem gamli vegurinn tengist honum.

Átta systur voru mættar, tveir gestir og hundur.

Veðrið lék ekki við okkur en úti var ansi köld norðanátt og dimm þoka.



Ekki var þó hætt á að við myndum villast þar sem gengið var eftir gamla þjóðveginum og varðan stendur stutt frá honum á hæð norðan við Holtavörðuvatnið. Ég hafði gengið að vörðunni nokkrum árum áður og hafði hugmynd um hvar hún ætti að vera.

Við gengum í dágóðan tíma, spjölluðum og höfðum gaman, eins og gerist ávallt þegar við hittumst.

Þegar mér fannst við vera komnar nálægt vörðusvæðinu fórum við að svipast um hvort við sæjum vörðuna, en þókan var svo þétt að ekkert sást. Allt í einu kom góð vindhviða sem feykta aðeins til þokunni og þá sást rétt grilla í vörðuna, sem við vorum þá nánast komnar að.

Nú þurftum við bara að komast yfir gaddavírgirðinguna, sem er þarna og ganga stuttan spöl og þá vorum við komnar að Konungsvörðunni. Við dvöldum við vörðuna um stund, tókum myndir og fengum okkur smá hressingu.

Þá var gengið til baka að bílunum og keyrt niður í Staðarskála, þar sem við borðuðum saman.

Það var leiðinlegt að veðrið skyldi vera okkur svona mótdrægt, því það er gaman að líta í kringum sig á þessari leið. Fallegir fossar, þrífossar, eru í Miklagili fyrir vestan veginn og þar fyrir vestan ber Tröllakirkju við himinn, hæsta fjall á Vestfjörðum, 1001 metri á hæð.

Enn eldri vegaslóði liggur frá hæðinni við Konungsvörðu og niður að Þrífossum, og sannarlega hefði verið gaman að ganga þá leið til baka og koma við hjá fossunum. Sú ganga bíður betra veðurs og skyggis.

Gangan var góð og eftirminnileg þrátt fyrir allt og það er vel þess virði að leggja leið sína að Konungsvörðunni á góðviðrisdegi.



*Guðný Þorsteinsdóttir
Soroptimistaklúbbnum Við Húnaflóa*



Við Blöndu



Við Ánastaðasel

MYNDIR ÚR FYRRI GÖNGUFERÐUM SYSTRA Í SOROPTIMISTAKLÚBBNUM VIÐ HÚNAFLÓA



Við Snælduklett



Í Gunnfríðarstaðaskógi



Í Gunnfríðarstaðaskógi



Í Gunnfríðarstaðaskógi



Við laxastíga í Laxá á Refasveit

† MINNING

Dórunn K. Erlendsdóttir

Dórunn Erlendsdóttir fæddist í Reykjavík 31. júlí 1935. Hún lést á Landspítalanum 28. janúar 2023. Steinunn Anna Einarsdóttir ritaði kveðju fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness.



Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness

Dórunn Erlendsdóttir andaðist hinn 28. janúar sl. Með henni er genginn einn af stofnfélögum Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness frá því í september 1977. Dórunn var alltaf öflugur þátttakandi í verkefnum klúbbsins og vann sín störf af dugnaði og gleði. Soroptimistar eiga að markmiði að veita þjónustu hvort sem er í heimabyggð eða á alþjóðavettvangi. Fyrstu árin voru fjáröflunarverkefni klúbbsins nokkuð fyrirhafnarsöm. Í dymbilviku gengum við í hús og seldum páskaliljur. Þar var Dórunn fremst í flokki.

Dórunn var talnaglögg og varð fljótlega gjaldkeri klúbbsins og síðar var hún kjörin í vandasamara embætti sem gjaldkeri Landssambands Soroptimista. Því embætti gegndi hún eins lengi og félagslög leyfðu. Dórunn var auðug af bjartsýni og því systrapeli sem er aðalsmerki Soroptimista um allan heim, kær vinkona í mörg ár og hennar verður sárt saknað.

Þegar ég kynntist Dórunni fyrst bjó hún ásamt Guðmundi manni sínum og sonum þeirra í einbýlishúsi við Látraströnd á Seltjarnarnesi. Fyrstu árin hélt klúbburinn fundi í heimahúsum og ég man hvað allt rúmaðist vel heima hjá Dórunni. Þar var glatt á hjalla og gestrisni mikil. Síðar, þegar synirnir voru fluttir að heiman, fengu þau sér minni íbúð en gestrisnin var alltaf söm og jöfn.

Dórunn hafði lítið gaman af því að vera á eftirlaunum með hendur í skauti. Hún fékk sér vinnu í Skólaskjóli Mýrarhúsaskóla. Þar lék hún knattspyrnu við börnin og hélt sér bráðungri. Hún hafði líka verið mikil handknattleikskona á sínum sokkabandsárum, hvað eftir annað Íslandsmeistari með sínu félagi, Ármanni.

Minnisstætt er það þegar Dórunn hélt upp á sjötugsafmæli sitt í sumarbústaðnum sem þau hjónin höfðu þá nýlega eignast. Klúbbsystur var öllum boðið þangað ásamt eiginmönnum sínum og þar var veitt af mikilli rausn. Sumarbústaðurinn varð henni hjartfólginn og þar fannst henni augljóslega gott að vera.

Síðastliðin ár átti hún við erfiðan sjúkdóm að stríða en hún lét það lítið á sig fá. Hún var oft á mannamótum, glöð í bragði, og klúbbfundi sótti hún vel. Nú verður þar brestur á. Þau Guðmundur voru kirkjurækin og ég hitti þau reglulega við guðsþjónustur og annað starf í Seltjarnarneskirkju. Nú verður hún kvödd þar í dag. Ég sendi fjölskyldu Dórunnar mínar innilegustu samúðarkveðjur.

† MINNING

Guðbjörg Þórunn Gestsdóttir

f. 27. ágúst 1947, d. 24. desember 2022



Kveðja frá systurum í Soroptimistaklúbbi Suðurlands.

Guðbjörg fæddist í Forsæti í Flóa. Foreldrar hennar voru hjónin í Forsæti 2, Gestur Mosdal Kristjánsson og Helga Kristín Þórarinsdóttir. Guðbjörg var elst í hópi sex systkina.

Guðbjörg gekk í Villingaholtsskóla, Gagnfræðaskólann á Selfossi og Húsmæðraskólann í Reykjavík.

Árið 1968 giftist Guðbjörg Þráni Elíassyni frá Drangnesi og settust þau að á Selfossi þar sem þau bjuggu sér fagurt heimili að Stekkholti 13. Guðbjörg og Þráinn eignuðust þrjú börn sem öll hafa eignast sínar fjölskyldur og búið í nágrenni foreldra sinna og notið kærleika þeirra.

Megnið af starfsævi sinni vann Guðbjörg við verslunarstörf, lengst af í versluninni Lindinni, en síðustu starfsár sín vann hún í dagdvölinni Vinaminni.

Guðbjörg tók mikinn þátt í félagsstörfum. Hún var félagi í Ungmennafélaginu Vöku og söng með kirkjukórnum í sveitinni sinni frá unga aldri. Seinna var hún einn af stofnendum Samkórs Selfoss sem starfaði um árabíl. Síðustu æviár sín söng Guðbjörg í Kirkjukór Selfosskirkju og var félagi í sönghópi sem lét gott af sér leiða í samfélaginu.

Guðbjörg var í stjórn Alheimersamtakanna og einn af stofnendum Vínafélags Foss- og Ljósheima á Selfossi og var formaður þess um hríð. Einnig gegndi hún trúnaðarstörfum í Kvenfélagi Selfoss og Sambandi sunnlenskra kvenna.

Síðast en ekki síst nutu hæfileikar Guðbjargar sín vel í Soroptimistaklúbbi Suðurlands en hún var einn af stofnfélögum klúbbsins 10. október 2009. Hún var virk í klúbbstarfinu og gegndi þar ýmsum embættum. Hún var glaðvær, hlý og ráðagóð. Hún var einlæg í vináttu og ávallt reiðubúin til hjálpar og þjónustu. Á síðustu árum hefur klúbburinn einkum beitt sér fyrir bættri stöðu kvenna og þar studdi Guðbjörg dyggilega verkefni hans, Sigurhæðir, meðan heilsan leyfði en síðustu tvö árin háði hún baráttu við óvæginn sjúkdóm.

Í upphafi jóla kvaddi Guðbjörg þennan heim og var útför hennar gerð frá Selfosskirkju 3. janúar 2023 að viðstöddu fjölmenni.

Með sorg í hjarta, virðingu og þökk, kveðjum við kæra systur og vottum ástvinum hennar okkar dýpstu samúð.

Blessuð sé minning Guðbjargar Þórunnar Gestsdóttur.



ALZHEIMERKAFFI

Sameiginlegt verkefni Soroptimista í Árbæ, Bakka- og Selja, Grafarvogi, Hóla- og Fella, Kópavogi, Mosfellssveit, Reykjavík og á Seltjarnarnesi

Síðastliðið haust fékk verkefnastjóri Kópavogsklúbbs ábendingu um að Alzheimersamtökin vantaði sjálfbóðaliða til að aðstoða við mánaðarlegt kaffisamsæti samtakanna. Þegar ljós kom að verkefnið var stærra en klúbburinn myndi ráða við einn, var kannað hvort vilji væri fyrir því hjá öðrum klúbbum á höfuðborgarsvæðinu, að sameinast um þetta verðuga verkefni. Gekk það eftir og sameinuðust 8 klúbbar um verkefnið eða nánar tiltekið Árbær, Bakka- og Selja, Grafarvogur, Hóla- og Fella, Kópavogur, Mosfellssveit, Reykjavík og Seltjarnarnes.

Alzheimersamtökin halda kaffihóf mánaðarlega yfir vetrarmánuðina að desember frátöldum. Kaffið er auglýst og eru allir velkomnir, en markhópurinn eru þeir sem greinst hafa með Alzheimer og aðstandendur þeirra. Verkefnið felst í því að sjá um kaffið þ.e. útvega og framreiða veitingar, taka við aðgangseyri, blanda geði við gesti, deila út söngheftum og leiða forsöng. Alzheimersamtökin sjá um skipulag, en yfirleitt er boðið upp á áhugaverðan og hagnýtan fyrirlestur. Því næst er boðið upp á kaffiveitingar og að þeim loknum er fjöldasöngur en Alzheimersamtökin útvega píanóleikara.

Alzheimer er sjúkdómur sem snertir marga, bæði beint og óbeint. Það er gjarnan mikið álag á ástvinum þeirra sem greinst hafa með sjúkdóminn, bæði andlegt og líkamlegt. Það er ómetanlegt að fá tækifæri til að hjálpa til við að skapa samfélag, þar sem aðstandendur þeirra sem greinst hafa með Alzheimer fá stuðning, fræðslu og tækifæri til að hitta aðra í svipaðri stöðu og þar sem allir geta fengið að njóta góðrar stundar. Ekki spillir gleðinni að verkefnið er unnið með öðrum klúbbum og því til þess fallið að styrkja enn frekar hin dýrmætu systrabönd.

Meðfylgjandi eru myndir frá febrúarkaffi þar sem Ragna Þóra Ragnarsdóttir, aðstandandi, hélt frábært erindi „Að halda gleðinni - mín verkfæri“.

Fyrir hönd klúbbanna Margrét Kjartansdóttir, verkefnastjóri Kópavogsklúbbs.



Magnea Rósa Tómasdóttir

Magnea Rósa Tómasdóttir fæddist í Vestmannaeyjum 20. september 1928. Hún lést á Minni-Grund í Reykjavík þann 5. febrúar 2023.

Kveðju fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness rituðu Margrét Jónsdóttir og Steinunn Anna Einarsdóttir.



Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness.

Það er skammt stórra högga á milli. Magnea Rósa Tómasdóttir, stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness, lést hinn 5. febrúar síðastliðinn á 95. aldursári. Þegar fregnin um lát hennar barst vorum við nýbúnar að kveðja annan stofnfélaga.

Rósa var máttarstólpi í klúbbum okkar og við gátum alltaf treyst því að hún legði eitthvað gott til málanna. Hún var litrík og skarpgáfuð kona og á fundum okkar kom hún gjarnan með snarpar athugasemdir litaðar af leifrandi kímni.

Rósa var líka máttarstólpi í sínu sveitarfélagi. Hún stofnaði apótek á Seltjarnarnesi, það fyrsta í 150 ár, en vagga lyfjafræði á Íslandi var í Nesi við Seltjörn. Um árabíl var hún apótekari á Eiðistorgi. Oft gátum við Soroptimistasystur hitt hana þar og þegið góð ráð.

Rósa var virk í klúbbum svo lengi sem heilsan leyfði. Eftirminnileg er ferð klúbbsins til Ítalíu sumarið 2007 og hve ánægjulegt það var að hún og Gunnar maður hennar skyldu geta tekið þátt í henni, en þá var Gunnar orðinn heilsutæpur. Það tókst vel með dyggri aðstoð Áslaugar dóttur þeirra sem ferðaðist með þeim. Þetta voru dagar vináttu og gleði sem gott er að minnast að leiðarlokum.

Síðustu árin bjó Rósa á Skólabraut 3, þar sem eru íbúðir aldraðra á Seltjarnarnesi. Þar tók hún þátt í félagsstarfi, stundaði meðal annars bókband um hríð. Alls staðar var nærvera hennar upplífandi og skemmtileg.

Við kveðjum Rósu með söknuði, blessuð sé minning hennar.

FRÉTTIR FRÁ SOROPTIMISTA- KLÚBBI GRAFARVOGS



Soroptimistaklúbbur Grafarvogs hefur tekið þátt í ýmsum viðburðum undanfarið og tók klúbburinn til dæmis þátt í Styrkleikunum á Selfossi 30. apríl - 1. maí sl. vor.

Styrkleikarnir eru fjölskylduviðburður á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Var þetta í fyrsta skipti sem Krabbameinsfélagið hélt þennan viðburð hér á landi en hann hefur verið haldinn í yfir 40 löndum undir nafninu „relay for life“ á hverju ári.

Kefli sem átti að tákna krabbamein var afhent og þurfti það að vera á ferðinni allan sólarhringinn því krabbamein sefur aldrei og þurfa sjúklingar að glíma við það allan sólarhringinn.

Við stofnuðum lið á leikunum í okkar nafni og

gátu systur skráð sig ef þær vildu taka þátt með okkur. Það voru sjö systur sem tóku þátt og komu fjölskyldur þeirra með til að hjálpa við gönguna, sem var vel þegið.

Hugsun okkar var að sýna systur okkar stuðning og minnst þeirra sem hafa kvatt okkur. Einnig sáum við þetta sem tækifæri starfsgreinanevndar/ útbreiðslunevndar til að kynna okkur og nafnið Soroptimistar því nú megum við það og var hópurinn merktur Soroptimistum. Systur svöruðu mörgum aðilum sem spurðu: „Hvað er það!!!“

Við fengum fyrirtæki til að styrkja okkur til að leigja tjald og búinn var til flottur borði með nafninu okkar á. Við settum inn borð og stóla og fánann okkar góða upp á tjaldvegginn og gestum og gangandi var boðið upp á hjónabandsælu.

Með hjálp allra tókst okkur að halda keflinu gangandi allan sólarhringinn. Mikil dagskrá var allan tímann og var ein systir okkar, Björg Ólafsdóttir, tekin í viðtal á Bylgjunni. Þetta var ljúf og skemmtileg upplifun með mikilli hreyfingu.

Systur í Soroptimistaklúbbi Grafarvogs komu saman í Hagkaup í Spönginni 25. nóvember og hengdu plöstuð spjöld á kerrurnar þar til að vekja athygli á átakinu „Þekktu rauðu ljósin“ sem stóð yfir dagana 25. nóvember til 10. desember 2022. Á spjöldunum var texti sem sýndi það að Soroptimistar hafna kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og vakti þetta átak Grafarvogssystra mikla athygli.

Hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi á afmæli í vor og gaf Grafarvogsklúbbur heimilinu af því tilefni tvær loftdýnur og tvær rafmagnssessur. Þegar formleg afhending verður á gjöfunum er okkur systur boðið að koma og skoða heimilið í leiðinni.

*Sigríður Sveinsdóttir,
Soroptimistaklúbbi Grafarvogs*





NÁMSKEIÐ Í SAGNALIST

Haldið af Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar
25.-26. febrúar 2023



Sögur hér - sögur þar - sögur eru alls staðar. Við gerum okkur bara ekki grein fyrir því, að þær eru allt um kring, hjá okkur öllum.

Hafnarfjörður, bærinn í hrauninu, hefur alltaf verið mikill sögubær og hver einasti klettur og hraunhellir eru bústaðir álfa og huldufólks. Þar hafa búið margir sagnapulir, karlar og konur, en ein fyrsta sagnakona bæjarins, sem vitað er um, var Ásdís Ólafsdóttir f. 1831-d. 1905. Hún fluttist til Hafnarfjarðar 1902 með yngsta syni sínum, Jóhannesi Reykdal, en hann byggði lítið hús handa henni undir Hamrinum. Hún var fædd og uppalin í Reykjadal í Þingeyjarsýslu, var ljósmóðir þar og átti sjálf 15 börn. Hún sagði sögur alla sína ævi og eftir að hún fluttist til Hafnarfjarðar kom það oft fyrir að fína fólk í Reykjavík sendi mann með hest til að sækja hana til að segja sögur í samkvæmum þeirra. - Hún fékk iðulega smjör eða kæfu að launum. - Vaka-Helgafell gaf út bók 1991, - Úr sagnabrunni- með smá hluta af sögum hennar, en því miður hefur mikið glatast.



Margrét frá Öxnafellu bjó sín síðustu ár í Hafnarfirði og gat bent á mjög marga bústaði huldufólks þar, m.a. kirkju og sagt sögur af þeim.

Erla Stefánsdóttir sjáandi, var einnig í Hafnarfirði og árið 1993 gerði hún kort yfir bæinn og nágrenni, Huliðsheimakort, þar sem hún staðsetti hinar ýmsu verur og hollvættir í hraundröngum og klettum.

Um nokkurra ára skeið sá Félag sagnaþula um sagnakvöld í Hellinum í Fjörukránni og ein kona úr þeirra hópi, Sigurbjörg Karlsdóttir fulltrúi hópsins (konan með rauðu húfuna) hefur s.l. 11 ár haft það að atvinnu að ganga með ferðamenn og gesti um miðbæ Hafnarfjarðar og segja þeim sögur af huldufólki og fleiri íbúum í hrauninu.

Lovísa Christiansen býr í gamla bænum, með huldukonu í kletti á neðri hæðinni, sú hefur 14 fm. fyrir sig, í sér rými með rafmagni og hita. Lovísa hefur tekið þátt í „Nordisk fortælleseminar“ síðan 2011, (nema í covid) en það er námskeið sem haldið er í þrítugustu viku ár hvert, til skiptist á Norðurlöndunum. Hér á Íslandi hefur það verið haldið þrisvar sinnum. Þetta hefur verið hin besta skemmtun og hún hefur oft sagt frá þessu og sagt sögur í klúbbum.

Í umræðum á fundi eldri systra í S-HOG kom upp sú hugmynd að halda námskeið í sagnalist á vegum klúbbsins, til að blása lífi í þessa gömlu listgrein og breiða út boðskapinn og það var samþykkt.

Eftir nokkra byrjunarörðugleika s.l. haust var námskeiðið síðan haldið í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Hafnarfirði 25. og 26. febrúar s.l. Þetta var helgarnámskeið laugardag og sunnudag frá kl 10-15 og boðið upp á hádegismat á staðnum í umsjón Soroptimistasystra. Einnig komu reyndir sagnaþulur í heimsókn í hádeginu báða dagana og

sögðu sögur. Þetta voru Þóra Grímsdóttir sagnaþula frá Akranesi fyrri daginn og Ingvar Viktorsson sagnamaður, rithöfundur og fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði seinni daginn og var gerður góður rómur að máli þeirra.

Þátttakendur voru 18, 5 karlar og 13 konur á aldrinum 25-90 ára. Á námskeiðinu var farið yfir ýmislegt hagnýtt fyrir þann sem langar til að segja sögur s.s. upphaf og þróun sagnalistar, siðfræði og höfundarrétt, ýmsar aðferðir, hvað beri að forðast, hvar sé hægt að nota sögur og hvernig. – Einnig var farið í vinnu þar sem tveir og tveir, sem ekki þekktust, unnu saman að gerð frásagnar og að síðustu sögðu allir þátttakendur sögur og rætt var um þær. Listi með ýmsum tillögum að sögum var lagður fram, en ekki tæmandi.

Allir fengu viðurkenningarskjal í lokin og voru sammála um að þetta hefði verið mjög fróðlegt og hin besta helgarskemmtun. Flestir vildu að hópurn myndi hittast aftur og gera eitthvað skemmtilegt s.s. hafa sagnakvöld eða eitthvað sambærilegt.-

Leiðbeinandi var Lovísa Christiansen, en öll framkvæmd við þennan atburð var sjálfboðavinna systra og allur ágóði rennur óskertur til líknarmála.

Lovísa Christiansen og Kristín Einarsdóttir fulltrúar eldri systra í klúbbum



